

Slíkir starfshópar eða nefndir geta, að fengnu samþykki ráðsins, leitað samstarfs við fólk, er býr yfir reynslu og sérþekkingu á því sviði, sem starfshópnum eða nefndinni er ætlað að fjalla um.

## 6. gr.

Reikningsár Heilbrigðisráðs Íslands er almanaksárið.

Ráðið skal árlega gera áætlun um óhjákvæmilegan kostnað við starfsemi þess á næsta fjárhagsári. Áætlun þessa ásamt greinargerð skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 30. apríl ár hvert.

Ofangreindar starfsreglur staðfestast hér með.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

## AUGLÝSING

## um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. febrúar 1976 til ársloka 1980:

Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri  
Akureyri — Þórshöfn — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 29. janúar 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

## um gatnagerðargjöld í Seltjarnneskaupstað.

## I. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

## 1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa í Seltjarnneskaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.